

Húsnæðismál leik- og grunnskóla á Akranesi til framtíðar.

Inngangur

Undirritaður fékk það hlutverk vorið 2015 að skoða húsnæðis og aðstöðumál grunnskóla á Akranesi. Ákveðið var að senda skólastjórum grunnskólanna bréf og óska eftir því að hluti af starfsdögum í ágúst yrði nýttur af starfsmönnum til að velja upp öllum möguleikum um hvort hægt væri að nýta húsnæði grunnskólanna betur eða á annan hátt þannig að bregðast megi við þeirri fjölgun nemenda sem spáð er, án þess að fara í miklar og dýrar byggingaframkvæmdir s.s. nýjan skóla.

Í samhengi við þetta var eftirfarandi punktum velt upp:

- hvort tölvustofur megi ekki nýta sem almenn kennslurými með tilkomu spjaldtölva, en í báðum grunnskólunum eru stór rými tekin undir tölvustofur.
- hvort breyttir starfshættir í kennslu geti leitt til annars konar hópaskiptinga nemenda sem breyti þá nýtingu húsnæðis skólanna.
- hvort skynsamlegt sé að færa kennslu í 10. bekk í Fjölbautarskóla Vesturlands og nýta rými sem þar hefur skapast vegna fækkunar nemenda.
- hvort skil skólahverfa eigi að vera sveigjanleg og setja þá reglur um inntöku í grunnskólana til samræmis við það.
- Hvaða aðrar leiðir koma til greina.

Afraksturinn var fjölbreyttar hugmyndir sem horft verður m.a. til í þeim tillögum sem hér verða settar fram.

Forsaga

Á síðustu árum hefur verið lögð mikil vinna í að skoða möguleika til framtíðar á uppbyggingu skólamannvirkja á Akranesi.

Árið 2007 kom út skýrsla stýrihóps þar sem lagt var mat á framtíðarrými leikskóla og grunnskóla á Akranesi og hugsanlega skólaþróun. Í þessari skýrslu er eftirfarandi samantekt sett fram:

Í skýrslunni er leitast við að draga upp mynd af fjölgun íbúa út frá mismunandi forsendum. Útlit er fyrir að Akurnesingum muni halda áfram að fjölga á næstu árum því atvinna er til staðar og framboð á húsnæði vex stöðugt.

Miklu skiptir að viðeigandi þjónusta sé í boði fyrir íbúa og þá sem vilja flytja til Akraness. Fyrir fjölskyldufólk skiptir skólaþjónustan miklu máli. Tryggja þarf góða leikskólavistun fyrir börn undir sex ára aldri og að grunnskólastarf sé metnaðarfullt.

Fulltrúar í stýrihópnum hafa velt fyrir sér þeim tækifærum sem felast í stöðunni og sett fram nokkrar hugmyndir. Umræða í skólamálum í landinu er mikil og stöðugt leitað nýrra leiða til að skólar geti boðið ólíkum einstaklingum þjónustu við hæfi.

Stýrihópurinn hefur litið á leik-, grunn- og framhaldskólastig sem eina heild og sett fram valkosti sem snerta öll skólastigin. Vinna stýrihópsins miðaði að því að safna saman nauðsynlegum upplýsingum og setja fram nokkra valkosti. Eftir stendur að útfæra þá frekar.

Stýrihópurinn leggur til að þessi skýrsla verði nýtt til að útfæra leiðir í skólaþróun á Akranesi.

Stýrihópurinn lagði fram eftirfarandi tillögur sem nánar er fjallað um í skýrslunni:

- Leikskólahúsnæði Garðasels verði nýtt með Grundaskóla fyrir kennslu 5 og 6 ára barna, en leikskólastarf Garðasels yrði flutt í nýjan leikskóla við Ketilsflöt (Akrasel).
- Skólahúsnæði við Ketilsflöt yrði leikskóli með grunnskóladeild fyrir 5, 6 og 7 ára börn.
- Kennsla í 10. bekk yrði að hluta eða öllu leyti í húsnæði FVA, sem var talinn möguleiki á vegna fækkunar nemenda í FVA með tilkomu framhaldsskóla í Grundarfirði og Borgarnesi.

Starfshópur sem bæjarstjórn skipaði í desember 2012 m.a. til að kanna þörf á aukningu húsnæðis fyrir grunnskóla til lengri tíma, skilaði af sér í júní 2013. Þar voru lagðar fram nokkrar hugmyndir, sem eru enn til skoðunar. Tillögur starfshópsins voru í stórum dráttum þær:

- að aldursskipta grunnskólunum,
- að byggja nýjan grunnskóla í Skógarhverfi,
- að byggja við núverandi skóla,
- að byggja nýjan unglingskóla miðsvæðis í bænum,
- að hafa skil skólahverfa sveigjanleg.

Nánari umfjöllun um tillögurnar er að finna í skýrslu starfshópsins.

Forsendur

Í mars 2015 skilaði Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi hjá SSV mannfjöldaspá fyrir Akranes árin 2020 og 2015. Samkvæmt þeirri spá er gert ráð fyrir því að meðalfjöldi nemenda í árgangi grunnskóla verði um 108 og dreifingin verði frá 99 nemendum í árgangi til 117. Meðalfjöldi nemenda í árgangi grunnskóla var 103 skólaárið 2013-2014, 100 skólaárið 2014-2015 og 103 skólaárið 2015-2016. Ef horft er til þessara upplýsinga má ætla að heildarfjöldi nemenda í grunnskólum á Akranesi fari úr ríflega 1.000 í 1.080 á næstu 10 árum ef tekið er mið af meðalhófsspá Vífils. Þetta er 80 nemenda fjölgun ef af verður. Það eru nokkrir óvissuþættir í þessari spá s.s. hversu mikil íbúafjölgunin verður með tilkomu nýrrar verksmiðju á Grundartanga og því hvort sama þróun verður á Akranesi og víða annarsstaðar að fæðingum barna fækki sem hlutfall af íbúafjölda, sem getur leitt til fækkunar nemenda í leik- og grunnskólum á næstu árum.

Tafla 1: Spá yfir heildaríbúafjölda á Akranesi 1. des hvert ár.

Ár	Hófstillt spá	Meðalhófsspá	Bjartsýnisspá
2013	6697	6697	6697
2014	6723	6723	6723
2015	6747	6747	6747
2016	6887	7132	7377
2017	6967	7302	7637
2018	7028	7395	7762
2019	7088	7465	7842
2020	7153	7532	7910
2021	7227	7603	7979
2022	7309	7682	8055
2023	7400	7770	8140
2024	7501	7868	8234
2025	7612	7975	8338

Tafla 2: Meðalhófsspá eftir aldri og kyni 1. des 2025.

Aldur	Karlar	Konur	Samtals	
0	60	60	120	
1	59	59	118	
2	59	59	118	Leikskóli
3	58	58	116	464
4	58	58	116	
5	57	57	114	
6	57	57	114	
7	56	56	112	
8	55	55	110	Grunnskóli
9	52	52	104	1077
10	52	52	104	
11	48	50	98	
12	52	61	113	
13	54	52	106	
14	56	61	117	
15	44	55	99	

Samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá var heildarfjöldi íbúa á Akranesi þann 27. janúar 2016 orðinn 6.935, sem er í ágætu samræmi við meðalhófsspá Vífils. Árið 2015 fæddust 92 börn á Akranesi sem er nokkuð færri börn en í meðalárgangi undanfarinna ára, en í góðu samræmi við þá þróun sem virðist vera eiga sér stað í öðrum sveitarfélögum.

Menntamálaráðherra hefur nýlega kynnt breytingu á fyrirkomulagi samræmdra prófa. Á næsta skólaári verða munu nemendur þreyta prófið í lok 9. bekkjar en ekki í upphafi 10. bekkjar. Það má leiða líkum að því að þessi breyting muni hafa það í för með sér að fleiri nemendur í 9. bekk muni fara beint í framhaldsskóla í stað þess að sitja í 10. bekk í grunnskóla gefist kostur á því. Það er ekki hægt að fullyrða um það nú hve ör sú þróun verður en það kæmi mér ekki á óvart að allt að helmingur nemenda muni nýta sér þennan kost innan mjög fárra ára. Ef svo fer mun nemendum fækka í grunnskólunum og þá er spurning hvort svigrúm skapast til að taka inn í grunnskólana 5 ára nemendur.

Á næstu árum virðist sem megnið af nýju íbúðahúsnæði verði byggt á upptökusvæði Grundaskóla. Það er áhyggjuefni því það er í raun ekkert viðbótarrými í Grundaskóla eins og staðan er í dag. Hins vegar er hægt að bæta við nemendum í Brekkubæjarskóla og þá sérstaklega ef gerðar verða breytingar á skipulagi og nýtingu húsnæðisins þannig að meira kennslurými skapast.

Hugmyndir starfsmanna

Hugmyndir starfsmanna í **Brekkubæjarskóla** sem komu fram í flestum hópum voru þessar helstar:

- Nýta það svæði sem nú er vinnuver kennara betur. Er sagt illa nýtt rými.
- Endurhugsa nýtingu á svæði sem nú er nýtt sem bókasafn og tölvustofa. Bent á þann möguleika að færa bókasafn í það rými sem nú er tölvustofa og nýta núverandi rými sem

kennslurými. Lagt til að kaupa fleiri spjaldtölvur og fartölvur sem nota má hvar sem er í húsnæðinu.

- Náttúrufræðistofugangur er sagður illa eða lítið nýttur og m.a. bent á að þar megi útbúa eina stofu til viðbótar sem nýta megi sem kennslustofu.
- Námsver unglunga mætti færa í þá aðstöðu sem deildarstjórar nýta nú á þriðju hæð. Deildarstjórar geti verið með aðstöðu í vinnuveri kennara sem nú er.
- Breyta stjórnunarálmu svo hún nýtist betur.
- Byggja ofan á þak núverandi salar og bent á að þar geti bókasafn hugsanlega verið og janvel eitthvað fleira eða annað.
- Nokkrar hugmyndir um breytta notkun á geymslurými eru lagðar til.
- Nokkrar hugmyndir um breytingar á aðstöðu stjórnunarrýmis og salar (samkomu - og matsalar).
- Í einum hópi var bent á þá möguleika að stofna sérstakan unglingaskóla eða hafa 9. og 10. bekki í FVA.

Hugmyndir starfsmanna í **Grundaskóla** sem komu fram í flestum hópum voru þessar helstar:

- Notaða tölvustofuna betur - hvort heldur sem er fyrir kennslu eða annað skólustarf
- Stækka miðstigsálmuna og fá þar fjórar kennslustofur til viðbótar.
- Fjölga lausum stofum þannig að þær verði fjórar og samtengdar. (Kallað eftir tengingu við skólahúsnæðið) - (Sumir hópar benda á að það gæti verið kostur að skipta á aðstöðu unglingastigs og yngsta stigs með tilliti til nýtingar á lausum stofum).
- Nýta Borghildarstofu með öðrum hætti, t.d. fyrir stoðþjónustu.
- Bókasafn nýtist meira sem upplýsinga- og tölvuver. Það mætti einnig tengja inn í miðstigsforstofu til að auka nýtingarmöguleika.
- Breyta Gryfjunni í unglingadeildinni í kennslurými.
- Auka samstarf um valgreinar við Brekkubæjarskóla.
- Andstaða við að nemendur í 10. bekk fari í FVA.
- Skólalóð þarf að lagfæra.
- Taka Garðasel fyrir kennslu þeirra yngstu og byggja nýjan leikskóla.
- Nýta annað húsnæði sem bærinn á fyrir grunnskólana, t.d. sameiginlega leiklistaraðstöðu.
- Kallað eftir skýrri framtíðarsýn og lausnum í samræmi við hana í stað skammtímalausna.

Tillögur

Grunnskólar

Að teknu tillit til þeirra forsendna sem hér hafa verið dregnar fram er að mínu mati ekki ráðlegt að byggja nýjan grunnskóla. Það er alltof fjárfrek framkvæmd miðað við þá fjölgun nemenda sem liggur fyrir og jafnvel þó þeir verði eitthvað fleiri en spáin gerir ráð fyrir.

Það er hins vegar ákveðið vandamál í núverandi umhverfi hvar Brekkubæjarskóli er staðsettur með tilliti til þess hvar fjölgun íbúa verður að mestu leyti næstu árin. Að mínu mati er hægt að endurskipuleggja nýtingu á húsnæði **Brekkubæjarskóla** þannig að hann geti tekið við fleiri nemendum á þess að leggja í mikinn kostnað. Því er mikilvægt að huga vel að því hvernig má fjölga nemendum þar frekar en í Grundaskóla næstu árin.

- Ég legg til að stjórnunarálman verði flutt á náttúrufræðistofuganginn. Þar sýnist mér vera gott rými fyrir þá aðstöðu og hún er nær inngangi en núverandi aðstaða þar sem pláss er ekki nægjanlega vel nýtt í dag.
- Þá verði hugsað fyrir því að aðstaða deildarstjóra verði þar einnig og þá losnar um rými á 3. hæð sem má nýta fyrir kennslu.
- Bókasafn verði fært í tölvustofu rýmið og það verði upplýsinga- og tölvuver ásamt bókasafni.
- Núverandi aðstaða bókasafns breytt í tvær kennslustofur eða eina stóra.
- Vinnurými kennara á 2. hæð virðist vera mjög lítið nýtt sem slíkt og því ætti einnig að breyta í kennslurými, eina stærri stofu og aðra minni.
- Stjórnunarrými verði breytt í kennslustofur og aðstöðu fyrir nemendur að hluta ef vill. Með þessu ætti að vera hægt að koma allri kennslu í 1.-5. eða 1.-6. bekkjum fyrir á annarri hæð í samfellu að mestu.
- Aðstöðu talmeinafræðings verði komið fyrir í tengslum við aðra sérfræðiþjónustu á jarðhæð í nýbyggingu eða í tengslum við stjórnunarálmuna á 2. hæð. Þar með losnar um rými á 3. hæð til kennslu.
- Bókageymsla á þriðju hæð verði flutt í ris nýbyggingar, sem þarf að lagfæra aðeins eða í kjallara. Þetta rými mætti nýta sem aðstöðu fyrir nemendur á unglíngastigi til náms eða leikja. Þá mætti einnig horfa til þess að nýta rýmið aftur sem vinnuaðstöðu að hluta og minna kennslurýmum að hluta.
- Á þriðju hæð ætti að vera hægt að koma fyrir allt að 14 kennslurýmum.
- Það mætti nýta ris nýbyggingar að hluta sem geymslu eða til annarra hluta, en þá þarf að huga að leyfum sem þarf að afla eftir því hvaða starfsemi færi þar upp ef til kæmi.
- Það má einnig sjá það fyrir að 7. - 10. bekkir væru á annarri hæð og raungreinastofa útbúin í hluta af núverandi stjórnunarrými. Þá er hægt að sjá fyrir sér einfaldari tengingu við félagsrými á jarðhæð.
- Þá væru yngri hóparnir á þriðju hæðinni sem hugsanlega hentar þeim betur.

Í **Grundaskóla** er ekki mikið svigrúm til að fjölga nemendum nema byggja við eða fjölga lausum kennslustofum. Það má þó bæta aðstöðuna aðeins til að standa undir þeim fjölda sem verður þar næsta skólaár og hugsanlega næstu 10 ár.

- Það er hagkvæmt og skynsamlegt að bæta við fjórðu lausu stofunni. Þannig myndast eining sem tekur einn árgang. Slíkar lausar stofur má svo flytja annað þar sem þörf krefur eða selja.
- Skynsamlegt er að breyta Gryfjunni í kennslurými.
- Það þarf að skoða hvernig hægt er að flytja núverandi vinnuaðstöðu kennara á unglíngastigi í endurgert rými þar sem nú er ræstikompa og snyrting fyrir fatlaða og breyta vinnuaðstöðunni í félagsrými unglínganna.
- Það er skynsamlegt að horfa til þess að bókasafnið verði upplýsinga- og tölvuver. Þannig má nýta tölvustofu í annað.
- Ef vilji er fyrir því að Grundaskóli verði 700 barna skóli er hagkvæmast að byggja fjóra stofur við miðstigsálmuna.

Það er rými í **FVA** til að taka við öllum nemendum í 10. bekk nú þegar og þar mun rýmka enn frekar næstu ár miðað við styttingu náms í árum talið til stúdentsprófs. Það er jákvæðni gagnvart því hjá skólameistara og fleiri aðilum þar til þessa. Það er hins vegar ekki eins mikil jákvæðni gagnvart þessari

hugmynd í grunnskólunum og óvíst hvað foreldrum eða nemendum finnst. Þetta yrði hins vegar ein hagkvæmasta lausnin fyrir bæjarsjóð. Það hefur lengi verið tekið inn í svokallaðan krílabekk í Menntaskólanum á Akureyri. Það eru um 20 nemendur sem koma á hverju ári beint úr 9. bekk. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og er aukin ásókn í það. Þar er verið að taka þessa nemendur inn í framhaldsskólanám. Það er ekki hugsunin með því að færa 10. bekkinn inn í FVA, heldur væri hann þá þar á forsendum grunnskólans, hugsanlega undir stjórn þeirra eða annars þeirra.

Eins og fram hefur komið hér að framan liggur einnig fyrir að færa samræmdu prófin í 9. bekk og þá er spurning hvaða áhrif það hefur á ásókn nemenda í FVA strax eftir 9. bekk og þar með fækkun nemenda í 10. bekkjum grunnskólanna.

Aldursskiptir skólar hafa komið upp í umræðunni sem hugmynd. Það er hugmynd sem vert er að skoða. Þá væri annar skólinn fyrir yngri nemendur og hinn fyrir eldri. Þannig má hámarka nýtingu húsnæðis og einnig gefur það tækifæri til hagkvæmari samsetningar námshópa. Augljós ókostur við slíkt skipulag er skólaakstur sem þyrfti að taka upp og einnig er þetta mikil uppstokkun á skólakerfinu sem gæti reynst erfitt að framkvæma og fá fylgi við í samfélaginu.

Leikskólar

Ef nemendur í 10. bekk fara í FVA er tækifæri til að taka 5 ára börnin inn í grunnskólana, sem myndi þá létta á þrýstingi á fjölgun rýma í leikskólunum og jafnvel gefa tækifæri til að taka börn aðeins yngri inn í þá.

Varðandi leikskólana hefur verið rætt um að það þurfi að fjölga rýmum til þess að geta mætt fjölgun barna sem gæti orðið nokkur. Hagkvæmast væri þá að byggja við Akrasel og jafnvel breyta skipulagi þar til að fjölga rýmum þ.e. breyta fataherbergjum. Það hefur einnig verið bent á að það sé mögulegt rými við Garðasel til að byggja við en þá þarf að breyta deiliskipulagi og lóðamörkum, sem gæti orðið torsótt.

Lokaorð

Það væri á margan hátt spennandi að byggja nýjan skóla og þá hugsanlega út frá nýrri hugmynda-fræði eins og gert hefur verið í Mosfellsbæ og Reykjavík. Það eru hins vegar ekki forsendur til þess eins og mál standa nú. Því er mikilvægt að hugsa lausnir þannig að þær bæti aðstöðu skólanna eins mikið og hægt er, þannig að þeir nái að þjóna hlutverki sínu enn betur en nú er. Það liggur fyrir að það þarf að endurnýja búnað, það þarf að tæknivæða skólana, endurmennta kennara og styðja við þá og stjórnendur. Þetta á bæði við um grunnskóla og leikskóla. Það er því skynsamlegast að mínu mati að setja minna í steypu eins og er og meira í innra starfið og aðbúnaðinn á hverjum stað.

Flest af því sem ég hef sett hér fram hefur verið reifað áður og sett fram í skýrslum þeim sem nefndar eru í upphafi. Nú þarf að ákveða hvaða leið á að fara, vinna framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun og ýta verkinu úr vör.

23.02 2016

Gunnar Gíslason